

2014

Reiðhjól. Skellinaðra.

*Sá sem vill
sjá góða
daga haldi
sér frá vöndu
og gjöri gott.*

*Allt megu
ég fyrir hjálp
hans sem mig
styrkan
gjörir.*


*Jesú fer fyrir
og honum
fylgi ég og er
þar sem hann
er.*

*Lát engan
líta smáum
augum á
æsku þína.*


*Söknuðurinn
kemur en í
Jesú sigrast
ég á honum.*

*Ver þú
hughraust/ur
hrausta hetja
Drottins.*

Menn eiga sér tímabil í lífinu. Barnið er eitt tímabilið, krakkinn annað, unglingurinn þriðja og loks fullorðinsárin. Allt með sínum siðum og áherslum sem tekur hvert við af öðru og mikilvægt fólki til uppbyggingar næsta skrefs. Margur unglingurinn á sjöunda áratug seinustu aldar átti til skellnöðru og eða þann draum heitastan að eignast slíkan grip.



" Sá sem hylur yfirsjónir sínar,
verður ekki lángefinn,
en sá sem játar þær og lætur af þeim,
mun miskunn hljóta. "
(Orðskv. 28: 13.)



Málæðinu fylgja yfirsjónir,
en sá breytir hyggilega,
sem hefur taum á tungu sinni. "

(Orðskv. 10: 19)

*Höfundur: Konráð Rannar Friðfinnsson
www.sporisandi.is
26.4.2014*



Reiðhjól

Mjög falleg vestur-þýzk reiðhjól nýkomin. Með hverju hjóli fylgir: Ljós að framan og aftan, standari, bögglaberi, handbremsa, verkfærataska, bjalla, pumpa, keðjuhlíf og tvílit dekk.

Gerið verðsamanburð á sambærilegum hjólum. Stærðir 24 tommu (fyrir 7—12 ára) og 26 tommu (fyrir 12 ára og eldri).

Verð kr. 2495

Póstsendum um land allt.

Morgunblaðið 5 maí 1966. Hagkaup auglýsir.

Að eignast reiðhjól var viss áfangi en þó ekki sjálfgefið að yrði veruleiki hjá krökkum hvorki í tíð höfundar á unglingsárunum í Hafnarfirði á sjöunda áratug seinustu aldar né heldur nú. Fjarráð voru ekki rúm á öllum hafnfirskum heimilum og peningar sem til voru oft taldir þarflegri til annarra nota en reiðhjólakaupa.

Í þann tíð voru drauma reiðhjól margra ungmenna D.B.S. reiðhjól. D.B.S. reiðhjólin ku víst uppruninn í Noregi og eitt merkið á Íslandi í kringum 1966 sem sóst var í. Hvort þetta merki sé enn til héraðs eða ekki. Þó peningur væri ekki tiltækur hvorki í veskjum foreldra né manns sjálfs var samt ýmislegt hægt að gera sem bætti úr og jók möguleikamanns á að eignast eigið reiðhjól. Viljann skort alltént ekki. Sumir nefnilega tóku til þess ráðs að búa sér til sitt eigið reiðhjól og nota til verksins rifrildi úr öðrum reiðhjólum sem lágu "örend við veginn" sem að eigin álit og úr því sem komið var fyrir þeim nýttust best sem varahlutir í annað reiðhjól sem verið var að gera upp. Allt ganglegt, bæði lítið og stórt, var hirt og sett í nýsmíðina heima. Víða var leitað, gramsað, tekið úr og svo skrúfað á stellið sem umbreyta átti í fínasta reiðhjól sem hægt væri að hjóla á um bæinn og jafnvel til skólans væri því að skipta. Sem svo gerðist.

Í leit sinni að efniviði var langt sótt og Keflavíkurvegurinn farinn uns komið var að afleggjaranum niður að og öskuhaugum hafnfirðinga sem í þann tíð voru við Straumsvík. Þar víða leyndist margt sem notast mátti við til að raða reiðhjólinu heima saman og auka með því líkurnar á að verkið kláraðist. Vegalengdin, þó nokkur væri, var ekki nein hindrun. Eitt stykki reiðhjól sem verið var að gera sá um að halda áhuganum vakandi.

Margir hafnfirðingar muna eftir ljósgráa Volvo öskubílnum sem þjónustaði hafnfirsk íbúðarhús og losaði við ruslið úr olútunnunum sem stóðu upp við húsveggi hafnfirskra húsa og innihéldu sorp íbúa. Á hauganna í Straumsvík kom "sá grái" fullfermdur, bakkaði upp að lágum steinveggnum á brúninni og sturtaði innihaldinu rakleitt ofan í fjöru handa sjónum að losa manninn við. Svona var þetta gert á þessum árum þó engum í dag dytti í hug slíkt verklag en var samt hið venjulega á þessum árum.

Hve lengi öskuhaugar Hafnarfjarðar voru í Straumsvík þekkir höfundur ekki en veit að á sjöunda áratugnum voru þeir þarna og höfðu lengi á undan verið. En að þeim tíma kom að þeim væri lokað. Og eins gott. 1968 var ljóst að ISAL- Svissneska álverið, myndi koma þarna með sína gríðarlegu umsvif á þessu svæði og sinn hóp starfsmanna og staður " uppgjafa sjómansins " - eins og stundum var sagt og er að nokkru leiti rétt. Margur sjómaðurinn réð sig þar til vinnu og kannski af ástandi síldarstofnanna við landið sem allir voru hrundir er starfsemi álversins í Straumsvík hófst.



Gamalt reiðhjól.

Eitt af markmiðum krakkans var að eignast eigið reiðhjól.
En á það þarf að læra og gildir um allt sem menn gera.

Öskuhaugar geyma ýmislegt. Þar má og finna margt gagnlegt reiðhjóli sem verið er að setja saman heima. Eins og stýri, gjörð, fótstig, keðju, og margt annað nýtanlegt. Smá saman tók hjólið á sig mynd eðlilegs reiðhjóls með tveimur skýbrettum að framan og aftan, bögglabera og lukt. Og allt málað völdum litum. Lukt, skýbretti og bögglaberi voru hlutirnir sem keyptir voru. Enda á viðræðanlegu verði í reiðhjólabúðunum. Var enda erfiðleikum bundið að finna heilleg skýbretti. Þetta breytir ekki því að stundum voru reiðhjól krakka samtíningur héðan og þaðan sem þau að mestu, og oft alfarið, sáu sjálf um að útvega sér í og raða saman. Enda svo sem ekki flókin smíð. Kannski var þetta eina reiðhjólið í eigu höfundar sem hann hjólaði á á reiðhjólátíma sínum sem krakki og unglingur og reyndist bara ágætlega. Mann alltént ekki eftir öðru en þessu sem hér er lítillaga lýst.

En tími reiðhjólsins leið og annar rann upp sem var tími skellinöðrunnar sem einnig hafði sinn draum sem í minni æsku var Honda 50 sem margir strákar áttu og þeystu um á. Allskonar önnur minni vélhjól, mismunandi kraftmikil, voru og á götunum í Hafnarfirði eins og NSU; Victoria, og fleiri tegundir sem höfundur reyndar mann ekki hverjar voru. Flest þessara vélhjóla höfðu litla mótora og drifu ekki upp allar brekkur sem á vegi þeirra urðu og þurftu aðstoð fótstigs til að komast upp á brekkubrún. Þessi hjól voru mikið í kringum 1,5 hestöfl. Til gamans má geta þess að einn póstburðarmaðurinn í Hafnarfirði ók allengi á NSU- vélhjóli sem hann bar út póstin á í bænum og gerði liggur mér við að segja í hvað veðri sem var. Margir muna eftir honum og NSU- vélhjólsins sem hann ók. NSU- hjólin voru ágætis hjól. Þó eflaust væru einnig til " mánudagshjól " þar eins í annarri framleiðslu verksmiðjanna.



Hér má sjá tvær gerðir skellinaðra.

Vinstra megin er NSU 1957 og til hægri Vöctoria 1954.

Á skellinöðrutíma höfundar voru þessi hjól ekki algeng en til og svolítilli notkun.

Þeirra tími var á þessum árum sem hér er nefndur en þau sjálf að mestu vikin fyrir aflmeiri hjólum.

Höfundur var eins og margir aðrir unglingar í Hafnarfirði sólgín í sitt eigið vélhjól til að þeysast á um göturnar í bænum. Hvenær dæmið gekk upp mann hann ekki en hjólið sem hann komst yfir var af gerðinni Simson og keypt af pilti á Nönnustíg í Hafnarfirði og greitt fyrir að mig minnir 3500 krónur og gangverð slíks vélhjóls. Hjólið var dökkblátt á litinn en ekki mjög gangvist, það verður víst að viðurkennast, sem oft dágóður tími fór í viðgerðir á til að hægt væri að nota það eins og til var ætlast. Er ræsa átti mótör Simsonsins hvort sem var snemma dags, síðdegis eða um kvöld var allt eins víst að vélin færi ekki í gang né tæki þúst þó hamast væri á fótstiginu eins og um lífið sjálft væri að tefla og einn hringur til viðbótar stiginn. Allt kom fyrir ekki og ekki um neitt annað að gera en að sækja sér verkfæri og hefjast handa við viðgerðir. Verkið var tafsammt og fráleitt þrautalaust en samt haldið áfram uns neisti kertis náði að kveikja í olúblandönduðu bensíni bensíntanks og koma stimpli í stimpilhúsi á næga hreyfingu til að ná upp sínum 1,9 hestafli krafti sem mótörinn var sagður vera. Og líka var. Krafturinn var samt ekki nægjanlegur til að komast upp bröttustu brekkur án hjálparátaks frá fótstigi. Upp þær flestar dreif það þó.



Simson árgerð 1964, tveggja gíra. Vélarfl, 1,9 hestöfl. Svona hjól var um tíma í eigu höfundar.

Bögglabera vantar sem gerir hjólið svona fállegra.

Til var önnur gerð Simson- vélhjóla í landinu og svokölluð vespugerð.

Þau voru veglegri og þriggja gíra með öflugri mótör og öðruvísi sæti.

Sjálfur mann höfundur ekki eftir að hafa séð slík hjól.

Heildverslun Ingvars Helgassonar í Reykjavík flutti þau inn.

Nokkur vélhjól voru í hverfinu og mest Hondur. Enda vinsælastar á þessum árum hjá skellinöðru unnendum sem mest var horft til í þann tíð. Hondurnar (Honda 50) höfðu 5 hestafla mótor og ílangan hnakk og voru nokkuð mjúk að sitja á og demparakerfi gott. Hondu vélhjólin voru að mörgu leiti frábær hjól og allvel heppnuð og í sjálfu sér engin furða þó að þau ættu svolítið athygli skellinöðrueiganda þess tíma. Gallinn við þau var hve dýr hjólin voru og kostuðu meira heldur en margur unglingurinn réð við. Og málið datt niður dautt hjá mörgum af þeim. En stundum líka er lífið með þessum hætti. Ekki geta allir eignast allt sem þeim langar að eignast. Einnig skellinöðrudellan gekk yfir og næsta þrep í þessu var bíladellan sem kviknaði við bílprófs aldur. En það var nokkrum árum síðar.

Hve lengi tími skellinöðrunnar varði hjá manni mann ég ekki en kæmi samt ekki á óvart að hafi verið tvö, þrjú ár og staðið frá árinu 1966 til 1969, eitthvað svoleiðis. Varla lengur.

Þegar vél skellinöðrunnar var í lagi var hún líka nýtt til hins ýtrasta á götum bæjarins sem og fyrir utan bæinn hvort sem var um bjartan dag eða eftir að skyggja tók á kvöldin. Númeraspjöld voru bæði á fram- og afturbretti, eins og lög líka gera ráð fyrir. Rúnturinn "vestur eftir" eins og sagt var, í átt að Garðaskóla hjá Garðakirkju, var vinsæll af þeirri ástæðu helstri hve fáfarinn hann var bílum. Eitt sinn er ég kom heim úr ökutúr sá ég mér til skelfingar og mæðu að númeraplatan á afturbrettinu hafði dottið af á leiðinni og ég ekki veit áthygli. Voru nú góð ráð dýr og ekki um annað að gera en að stíga fótstigið, koma vélinni í gang og aka sömu leið til baka í von um að finna týndan hlutinn. Alvörugefin pilturinn ók niður hólinn heima og eftir Hellisgötunni í norður, niður Garðavegin og áfram út eftir og vandlega horfandi fram fyrir sig eftir númeraplötunni. Að svolítilli stund liðinni glampaði frá ljósgeisla luktur hjólsins á hlut sem lá þarna á götunni. Og viti menn. Númerið var fundið. Mikið varð maður feginn að þurfa ekki að leggja út fyrir nýju. Daginn eftir var tryggilega gengið frá plötunni. En samt. Plata sú arna var í meira lagi "óþekk" og hélt áfram að detta af hjólinu á ferð og ég að finna hana á nýjan leik. Og fóru mál á þann veg að þótt platan væri ekki með er heim kom var maður áfram sallarólegur og viss um að finna hana næsta dag. Sem ekki klikkaði. Er svo skellinöðrunni var lagt sat afturnúmersplatan kyrr á sínum stað á aftur skýbrettinu. Orðin eilítið rispaðri en framnúmerið af endurteknum snertingum og rennsli eftir malargötu.



Simson með vespulagi.

Hjólið er þriggja gíra og öllu veglegra en hitt.
Auglýsing í Þjóðviljanum í apríl 1964

Á þessum árum er sjónvarpseign hafnfirðinga nokkur og tæki komin í held ég flest hús í nágrenni við heimili mitt. Eitthvað gerðist í Simson vélinni sem olli truflun á sjónvarpsgeislanum. Í hvert sinn sem ég ók þessa og hina götuna á kvöldin, sjónvarpstíma, umhverfðist myndin í sjónvarpstækjunum inn í húsunum sem ekið var fram hjá og gerðist hvarvetna þar sem naðran mín fór um. Við það breyttist skír svart/hvít sjónvarpsmyndin í beyglaðar rákir og hljóðið í urg. Sama gerðist við heimili mitt er rokkurinn fór í gang að mynd og hljóð inni trufluðust. Oft á þessum tíma gerðist það að hönd kom út í glugga og á mig bankað en samt ekki steytt hnefa svo ég muni. Inn á milli, segjum það, mátti sjá varir hreyfast og óblítt og þungt augnaráð fylgja með orðunum yfir þessari óvæntu en sumpart endurteknu truflun sjónvarpsendingarinnar sem menn voru ekki þar hrifnir af þó orð heyrðust engin sökum glersins á milli og fjarlægðar. Og hver svo sem heldur fullri gleði á úrslitastund þáttarins " Dýrlingsins " (Dýrlingurinn var vinsæll framhaldsþáttur í Ríkissjónvarpinu á upphafsárum þess) sem er truflaður er hæst stendur á stönginni og Dýrlingurinn við að leysa flóknasta málið og missa svo af öllu saman vegna utanaðkomandi truflunar. Ekki nokkur maður. Ástæðan var útleiðsla í rafkerfi sem var löguð. Og málið með alla truflun í sjónvarpinu leystist. Stóð reyndar ekki lengi yfir.

Hvenær Simson hjóli mínu endalega var lagt hef ég gleymt en líklega 1969. Mann þó að hjólið fór inn í geymsluna niðri í kjallara heima og var þar svolítinn tíma án þess að neitt meira væri gert í málinu. Hvar hann að endingu endaði mann ég ekki heldur en kæmi mér ekki á óvart að hafi verið haugarnir. Minnst þess alltént ekki að hafa selt vélhjólið. Enda kannski bara orðið ónýtt þó þjónaði hafi mér á eftirminnilegan hátt og verður að segjast eins og er að var. En í dag átta ég mig ekki á hvað raunverulega orsakaði að vélin neitaði að fara í gang. Að sjá var ekkert að og kerti, platínur,svinghjól virkt. Rafkerfi einnar skellinöðru er nú ekki flókið.

Minningarbankinn geymir ýmislegt og er misjafnt hvað fólki finnst merkilegt í sínu lífi. Ástæða þess er ein. Hverri manneskju finnst sinn eigin fífill fegurstur. Og hvað er rangt við þá afstöðu?



**Ægir seldur
á 750 þúsund**

GENGID hefur verið frá sölu varðskipsins Ægis og var það selt fyrir 752 þús. krónur. Kaupendur eru Einar Magnússon, hagfræðingur og Gisli Ísleifsson, hri.

Gisli Ísleifsson sagði Morgunblaðinu í gær, að þeir félagar ætluðu að selja skipið aftur og þá væntanlega til niðurrifs. Sagði Gisli, að ýmsir hefðu sýnt málinu áhuga og m.a. hefði komið hingað enskur maður til að skoða skipið, en endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin ennþá.

Takk fyrr mig.
Kveðja **KRF**.